

gert aðvart um fundahöld heilbrigðisnefndar og hefir hann tillögurétt. Ritfangakostnað skal greiða úr hreppssjóði eftir reikningi“.

**85**  
8. sept.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta tilkynnist öllum til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. september 1930.*

**Jónas Jónsson.**

*Gissur Bergsteinsson.*

## S A M Þ Y K K T

um

**breyting á samþykkt 16. marz 1926, um sýsluvegasjóð Skagafjarðarsýslu.**

**86**  
18. sept.

Á eftir 7. tölulið 3. gr. samþykktarinnar komi ný málsgrein svohljóðandi:

Ennfremur skal svonefndur Miðvegur frá Hegranesbraut, hjá Garði, inn að Ríp, vera sýsluvegur, en ekki verður lagt fé til hans úr sýsluvegasjóði nema það, er Rípurhreppur kanna að leggja fram auk vegaskatts og tilsvarendi tillag ríkissjóðs, fyr en fullnægt er þörfum vegakerfisins undir 1—7 tölulið.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. september 1930.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

*Páll Pálmason.*